



Félags- og tryggingamálanefnd Alþingis  
Hildur Eva Sigurðardóttir nefndarritari  
Alþingi við Austurvöll  
150 Reykjavík


*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 136/284*  
*komudagur 2.12.2008*

Seltjarnarnesi, 25. nóvember 2008  
2008110054/91/MH/gh

**Efni: Frumvarp til laga um félagslega aðstoð.**

Undirritaður hefur fengið til umsagnar ofangreint frumvarp til laga, sem flutt er af alþingismönnum Kristni H. Gunnarssyni og Birki J. Jónssyni. Landlæknir styður þær breytingar sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Góð rök eru færð fyrir málinu í greinargerð. Auk þess má taka fram að í núverandi efnahagsástandi og yfirvofandi atvinnuleysi er mikilvægt að sem flestir hafi hlutverki að gegna og fái fyrir það einhverja umbun. Í vel völdum tilvikum og með hóflegri aðstoð og eftirliti er fyrirkomulag það sem nefnt er í frumvarpinu til verulegra bóta og stuðlar að því markmiði að aldraðir fái dvalist sem lengst í heimahúsi, ef það er þeirra vilji.

Virðingarfyllt,

  
Matthías Halldórsson  
landlæknir